# Skólatöskudagar Iðjuþjálfafélags Íslands

## 25.-29. september 2006

## Skýrsla




**Undirbúningsnefnd**

Erla Björk Sveinbjörnsdóttir

Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir

Kristjana Ólafsdóttir

Hér verður gert grein fyrir skipulagningu, framkvæmd og reynslu af Skólatöskudögum sem Iðjuþjálfafélag Íslands stóð fyrir haustið 2006.

Skólatöskudagarnir fóru fram vikuna 25.-29. september 2006 og voru haldnir að fordæmi Bandaríska iðjuþjálfafélagsins (AOTA) sem staðið hefur fyrir School Backpack Awerness Day síðustu ár og er nú haldinn á heimsvísu. Fyrir tilstuðlan Karen Jacobs prófessors í iðjuþjálfun, sem var gestakennari við Háskólann á Akureyri, voru skólatöskudagar haldnir á Akureyri haustið 2005. Karen hafði síðan frumkvæði að því að hafa samband við Lýðheilsustöð og Menntamálaráðuneytið þar sem hún kynnti forvarnargildi verkefnisins og fékk þar góðan hljómgrunn. Þannig var ákveðið að Iðjuþjálfafélag Íslands stæði fyrir Skólatöskudögum á landsvísu haustið 2006.

Síðla hausts 2005 var skipuð undirbúningsnefnd á vegum faghóps barnaiðjuþjálfa sem sá um skipulagningu og framkvæmd Skólatöskudaga haustið 2006. Í undirbúningsnefndinni voru Erla Björk Sveinbjörnsdóttir iðjuþjálfi í Meðferðarteymi barna við heilsugæslustöð Grafarvogs, Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir iðjuþjálfi við Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Kristjana Ólafsdóttir sjálfstætt starfandi iðjuþjálfi í skólaþjónustu Kópavogs.

Markmið Skólatöskudaga er fyrst og fremst forvarnargildi verkefnisins. Vöðvabólgur, bakverkir og höfuðverkir eru vaxandi einkenni í nútíma þjóðfélagi og sjá má fleiri og tíðari einkenni með hækkandi aldri. Þetta hefur beint sjónum iðjuþjálfa að vinnuvistfræði barna. Erfitt er að segja hvað veldur vandanum þar sem margir þættir spila saman. Þar má nefna aukin kyrrseta, röng vinnuaðstaða hvort sem er í skóla eða heima, minni hreyfing og þungar byrðar. Fræðsla sem þessi er því aðeins einn þáttur að bættri heilsu og líðan. Auk þess að vera forvarnarverkefni er átakið jafnframt markaðssetning fyrir fagið. Með kynningu á iðjuþjálfun er samfélagið gert meðvitaðra um gildi þjónustu iðjuþjálfa og möguleikum á að vinna frekar að bættri heilsu og líðan almennings.

Undirbúningsnefnd Skólatöskudaga 2006 fékk það hlutverk að skipuleggja og halda utan um framkvæmd daganna. Send voru út bréf til allra félagsmanna þar sem

Skólatöskudagarnir voru kynntir og óskað eftir þátttöku iðjuþjálfa í verkefninu. Einnig voru send út kynningarbréf á allar fræðsluskrifstofur landsins sem og til stjórnenda grunnskóla. Þar kom fram að iðjuþjálfar myndu óska eftir samvinnu við einhverja grunnskóla með haustinu.
Útbúin voru gögn, svo sem leiðbeiningablöð sem send voru heim með nemendum, kynningarbréf fyrir iðjuþjálfa, plaköt og bókamerki. Við þessa vinnu var stuðst við veraldarvefinn t.d. upplýsingar frá AOTA sem og gögn frá Karen Jacobs. Undirbúningsnefndin sá um að koma viðeigandi gögnum í prentun og koma þeim út til þátttakenda. Svo mikil var eftirspurn og þátttaka í viðburðinum að panta þurfti tvöfalt magn gagna en upphaflega var gert ráð fyrir. Við undirbúning og vinnslu gagnanna var meðal annars unnið í samvinnu við undirbúningsnefnd IÞÍ fyrir 3L EXPÓ sýninguna sem haldin var í Egilshöll í byrjun september 2006.
Undirbúningsnefndin tók saman tölfræðilegar niðurstöður sem bárust nefndinni og sendi þær áfram til Bandaríkjanna þar sem AOTA heldur utan um slíkar upplýsingar víðs vegar að úr heiminum.

Fræðsla og forvarnir Skólatöskudaganna fór þannig fram að iðjuþjálfar voru með fyrirlestur fyrir bekki eða bekkjardeildir. Í flestum tilfellum fór fram sýnikennsla á því hvernig nota á skólatöskuna og hvernig á ekki að nota hana. Einnig var farið yfir hvernig á að raða og pakka niður í skólatöskuna. Nemendum var boðið upp á að vigta skólatöskurnar sínar sem og sig sjálfa og í framhaldi var reiknað út hlutfall þyngdar tösku af eigin þyngd nemenda. Nemendur fengu allir blað með sér heim með fræðslu af sama tagi og fór fram í skólastofunni sem einkum var ætlað til að leiðbeina foreldrum. Lagt var til líkt og gert er í Bandaríkjunum að heimsóttir yrðu nemendur á miðstigi þar sem taskan þyngist eftir því sem börnin eldast. Auk þess sem reynsla iðjuþjálfa sem höfðu tekið þátt í Skólatöskudögum áður sýnir að álagseinkenni eru tíðari í efri bekkjardeildum.
Þeir iðjuþjálfar sem tóku þátt í verkefninu voru í mismunandi aðstöðu. Sumir unnu þetta í sjálfboðavinnu en annars staðar féll þessi viðburður undir skilgreiningu á vinnu iðjuþjálfanna til dæmis í skólum. Aðrir voru á vettvangi með vilyrði frá vinnuveitanda þó svo að þessi nálgun félli ekki undir skilgreiningu á daglegri vinnu þeirra. Þeir sem buðu fram krafta sína höfðu nokkuð frjálsar hendur um framkvæmdina. Þeir höfðu samband við skóla að eigin vali, hvort heldur sem það var í nágrenni við vinnustaðinn,

sem þeir tengdust vegna barna sinna eða skólar sem þeir unnu í. Þá höfðu þátttakendur frjálsar hendur með hversu marga bekki eða skóla þeir myndu heimsækja. Undirbúningsnefndin óskaði eftir að fá að vita fyrirfram hvaða skólar yrðu fyrir valinu svo hægt væri að stýra því ef margir ætluðu í sama skólann sem og til að halda utan um fjölda gagna sem þurfti að panta úr prentun. Viðbrögð skólanna voru með eindæmum góð og höfðu nokkrir skólar samband að fyrra bragði.

Alls tóku 38 iðjuþjálfar beinan þátt í Skólatöskudögum 2006. Nokkuð var um að nemar fóru með iðjuþjálfum í skólana auk þess að Karen Jacobs var stödd hér á landi og tók virkan þátt. Heimsóttir voru um fjórðungur grunnskóla landsins, 36 á landsbyggðinni og 17 á höfuðborgarsvæðinu, alls 53 skólar. Tölulegar upplýsingar bárust frá 33 skólum um rúmlega 2000 grunnskólanemendur eða tæplega 5% íslenskra grunnskólabarna.

Talsverð umfjöllun um dagana var í fjölmiðlum um þetta leytið. Fréttir birtust í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, Blaðinu, Ríkissjónvarpinu og viðtal var við iðjuþjálfa í þætti á Skjá einum. Þá voru fjölmargir svæðisfjölmiðlar með umfjöllun um þessa daga. Penninn-Eymundson hafði samband við Iðjuþjálfafélagið að fyrra bragði og óskaði eftir að styrkja átakið. Þeir kostuðu til prentun á stórum hluta gagnanna og maður á þeirra snærum sendi út fréttatilkynningu og veitti ráð varðandi umfjöllun í fjölmiðlum.

Þetta er fyrsta árið sem Skólatöskudagar eru framkvæmdir á vegum félagsins á landsvísu. Undirbúningsnefnd varð vör við mikinn áhuga á skólatöskudögum innan skólakerfisins. Nokkrir skólastjórnendur höfðu samband að fyrra bragði og óskuðu eftir að fá fræðslu fyrir sína nemendur. Áhugi er hjá Iðjuþjálfafélagi Íslands að halda Skólatöskudaga árlega sem fræðslu og markaðssetningu fyrir fagið. Mikilvægt er að virkja sem flesta í félaginu því að á þann hátt verða iðjuþjálfar mjög sýnilegir í íslensku samfélagi.

Ýmsar umræður og vangaveltur hafa komið fram varðandi þessa daga og framtíð þeirra. Talið er mikilvægt að ná sem fyrst til foreldra og barna þeirra með tilliti til forvarna og hafa komið tillögur um að fara með fræðslu inn í leikskóla þar sem hægt er að fræða foreldra elstu barna leikskólanna. Má til dæmis gera það með því formi að

dreifa upplýsingarblöðum. Þó hefur einnig komið fram að víða í fimm ára skoðun á heilsugæslustöðum eru hjúkrunarfræðingar með fræðslu um skólatöskuna.

Þeir skólar sem voru heimsóttir:

- Akurskóli
- Álftamýrarskóli
- Ásgarðsskóli
- Árbæjarskóli
- Árskóli Sauðárkróki
- Borgarhólsskóli
- Brekkubæjarskóli
- Brúarásskóli
- Fellaskóli
- Foldaskóli
- Gaulverjaskóli
- Gerðaskóli
- Glerárskóli
- Grundaskóli
- Grunnskóli Dalvíkurbyggðar
- Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar
- Grunnskóli Reyðarfjarðar
- Grunnskólinn á Borgarfirði eystri
- Grunnskólinn á Blönduósi
- Grunnskólinn á Djúpavogi
- Grunnskólinn á Egilsstöðum og Eiðum
- Grunnskólinn á Eskifirði
- Grunnskólinn á Raufarhöfn
- Grunnskóli Sandgerðis
- Grunnskólinn á Stöðvarfirði
- Grunnskólinn í Breiðdalshreppi
- Hafralækjarskóli
- Hallormsstaðaskóli
- Háleitisskóli
- Heiðarskóli
- Hofsstaðaskóli í Garðabæ
- Holtaskóli
- Hvaleyrarskóli
- Hvassaleitisskóli
- Hvolsskóli
- Hörðuvallaskóli
- Kársnesskóli
- Lágafellsskóli
- Lindaskóli
- Lundaskóli
- Lækjarskóli
- Myllubakkaskóli
- Njarðvíkurskóli
- Salaskóli
- Seyðisfjarðarskóli
- Síðuskóli
- Snælandsskóli
- Varmahlíðarskóli
- Vatnsendaskóli
- Vopnafjarðarskóli
- Þelamerkurskóli
- Ölduselsskóli
- Öldutúnsskóli

**Akurskóli**

7. bekkur alls 16 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.4% af meðalþyngd nemenda. 2 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

**Álftamýrarskóli**

5. bekkur, 23 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.2% af meðalþyngd nemenda. 11 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

6. bekkur, 37 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.0% af meðalþyngd nemenda. 11 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

**Ásgarðsskóli**

Enga upplýsingar bárust.

**Árbæjarskóli**

7. bekkur alls 48 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.9% af meðalþyngd nemenda. 24 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

**Árskóli Sauðárkróki**

7. bekkur alls 30 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.3% af meðalþyngd nemenda. 11 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 5 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

**Borgarhólsskóli**

5. bekkur alls 30 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.7% af meðalþyngd nemenda. 7 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

**Brekkubæjarskóli**

6. bekkur alls 28 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.7% af meðalþyngd nemenda. 4 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

7. bekkur alls 33 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.3% af meðalþyngd nemenda. 9 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

8. bekkur alls 46 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.5% af meðalþyngd nemenda. 15 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 3 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

9. bekkur alls 38 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.8% af meðalþyngd nemenda. 10 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd

þeirra. Þar af voru 2 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

10. bekkur alls 38 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.9% af meðalþyngd nemenda. 7 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

**Brúarásskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Fellaskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Foldaskóli**

6. bekkur alls 34 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 6.7% af meðalþyngd nemenda. 2 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

**Gaulverjaskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Gerðaskóli**

4. bekkur alls 14 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 6.6% af meðalþyngd nemenda. 1 nemandi var með skólatösku sem vóg yfir 10% af líkamsþyngd hans.

7. bekkur alls 20 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 16.2% af meðalþyngd nemenda. 19 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 13 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

9. bekkur alls 21 nemandi. Meðalþyngd skólataskna var 9% af meðalþyngd nemenda. 9 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

**Glerárskóli**

bekkur alls 27 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.8% af meðalþyngd nemenda. 9 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

bekkur alls 40 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.4% af meðalþyngd nemenda. 18 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 2 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

bekkur alls19 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.6% af meðalþyngd nemenda. 6 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 2 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

bekkur alls 34 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 111.0% af meðalþyngd nemenda. 19 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 4 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

bekkur alls 36 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.5% af meðalþyngd nemenda. 7 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

bekkur alls 16 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.8% af meðalþyngd nemenda. 4 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

bekkur alls 48 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 11.6% af meðalþyngd nemenda. 30 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 13 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

bekkur alls 44 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 10.2% af meðalþyngd nemenda. 27 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

bekkur alls 15 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.5% af meðalþyngd nemenda. 1 nemandi var með skólatösku sem vóg yfir 10% af líkamsþyngd hans.

**Grundaskóli**

6. bekkur alls 37 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.9% af meðalþyngd nemenda. 20 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

7. bekkur alls 49 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.2% af meðalþyngd nemenda. 15 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

8. bekkur alls 46 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 10.6% af meðalþyngd nemenda. 23 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 3 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

bekkur alls 51 nemandi. Meðalþyngd skólataskna var 7.3% af meðalþyngd nemenda. 10 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

bekkur alls 59 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.8% af meðalþyngd nemenda. 26 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 3 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

**Grunnskóli Dalvíkurbyggðar**

Engar upplýsingar bárust.

**Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar**

Engar upplýsingar bárust.

**Grunnskóli Reyðarfjarðar**

Engar upplýsingar bárust.

**Grunnskólinn á Borgarfirði eystri**

Engar upplýsingar bárust.

**Grunnskólinn á Blönduósi**

5. bekkur alls 11 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 11.8% af meðalþyngd nemenda. 7 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 2 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

6. bekkur alls 8 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 10.9% af meðalþyngd nemenda. 5 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

7. bekkur alls 8 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 13.8% af meðalþyngd nemenda. 6 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd

þeirra. Þar af voru 4 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd.

8. bekkur alls 12 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 13.6% af meðalþyngd nemenda. 10 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 3 nemendur sem voru með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd.

9. bekkur alls 15 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 11.2% af meðalþyngd nemenda. 9 nemendur voru með skólatösku sem vóg meira en 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru tveir nemendur sem voru með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd.

10. bekkur alls 12 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 12.6% af meðalþyngd nemenda. 9 nemendur voru með tösku sem vóg yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 2 með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd.

**Grunnskólinn á Djúpavogi**

Engar upplýsingar bárust.

**Grunnskólinn á Egilsstöðum og Eiðum**

Engar upplýsingar bárust.

**Grunnskólinn á Eskifirði**

Engar upplýsingar bárust.

**Grunnskólinn á Raufarhöfn**

5. bekkur alls 3 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.4% af meðalþyngd nemenda. 2 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

6. bekkur alls 1 nemandi. Meðalþyngd skólatöskunnar var 9.8% af meðalþyngd nemandans.

7. bekkur alls 4 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 11.9% af meðalþyngd nemenda. 3 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

8. bekkur alls 5 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 10.5% af meðalþyngd nemenda. 3 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

9. bekkur alls 6 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 12.7% af meðalþyngd nemenda. 4 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

10. bekkur alls 2 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.1% af meðalþyngd nemenda. 1 nemandi var skólatösku sem vóg yfir 10% af líkamsþyngd hans.

**Grunnskólinn á Stöðvarfirði**

Engar upplýsingar bárust.

**Grunnskólinn í Breiðdalshreppi**

Engar upplýsingar bárust.

**Grunnskólinn í Sandgerði**

1. bekkur alls 18 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 12.3% af meðalþyngd nemenda. 15 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 4 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd hans.

4. bekkur alls 21 nemandi. Meðalþyngd skólataskna var 14.7% af meðalþyngd nemenda. 20 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 10 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

7. bekkur alls 25 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.8% af meðalþyngd nemenda. 13 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

9. bekkur alls 28 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 12% af meðalþyngd nemenda. 17 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 7 nemendur með skólatösku sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

**Hafralækjarskóli**

5. bekkur alls 6 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.2% af meðalþyngd nemenda. 2 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

6. bekkur alls 5 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.2% af meðalþyngd nemenda.

7. bekkur alls 6 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.0% af meðalþyngd nemenda. 3 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

8. bekkur alls 8 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 12.7% af meðalþyngd nemenda. 6 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 2 nemendur með skólatösku sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

**Hallormsstaðaskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Háteigsskóli**

5. bekkur alls 19 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 6.2% af meðalþyngd nemenda. 1 nemandi var með skólatösku sem vóg yfir 10% af líkamsþyngd hans.

7. bekkur alls 27 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.1% af meðalþyngd nemenda. 6 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. 1 nemandi var með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

**Heiðarskóli**

7. bekkur alls 41 nemandi. Meðalþyngd skólataskna var 11% af meðalþyngd nemenda. 26 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. 6 nemendur voru með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

9. bekkur alls 34 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 10.9% af meðalþyngd nemenda. 25 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. 3 nemendur voru með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd þeirra

**Hofsstaðaskóli í Garðabæ**

Engar upplýsingar bárust.

**Holtaskóli**

7. bekkur alls 43 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.1% af meðalþyngd nemenda. 12 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. 2 nemendur voru með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

**Hvaleyrarskóli**

7. bekkur alls 29 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.7% af meðalþyngd nemenda. 6 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

**Hvassaleitisskóli**

6. bekkur alls 19 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 11.8% af meðalþyngd nemenda. 21 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra Þar af voru 5 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd.

**Hvolsskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Hörðuvallaskóli**

4. bekkur alls 12 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.6% af meðalþyngd nemenda. 2 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

**Kársnesskóli**

2. bekkur alls 33 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.1% af meðalþyngd nemenda. 15 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

**Lágafellsskóli**

6. bekkur alls 42 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.2% af meðalþyngd nemenda. 6 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

**Lindaskóli**

6. bekkur alls 28 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 10.6% af meðalþyngd nemenda. 11 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 2 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

**Lundaskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Lækjarskóli**

6. bekkur alls 35 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.2% af meðalþyngd nemenda. 6 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 3 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd.

**Myllubakkaskóli**

7. bekkur alls 32 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.1% af meðalþyngd nemenda. 10 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 2 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

9. bekkur alls 42 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.3% af meðalþyngd nemenda. 18 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

**Njarðvíkurskóli**

7. bekkur alls 39 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.9% af meðalþyngd nemenda. 19 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 4 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

**Salaskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Seyðisfjarðarskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Síðuskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Snælandsskóli**

5. bekkur alls 44 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.9% af meðalþyngd nemenda. 12 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

**Varmahlíðarskóli**

6. bekkur alls 11 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.8% af meðalþyngd nemenda. 2 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

7. bekkur alls 14 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 11.4% af meðalþyngd nemenda. 11 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 2 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

**Vatnsendaskóli**

7. bekkur alls 16 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 5.6% af meðalþyngd nemenda.

**Vopnafjarðarskóli**

Engar upplýsingar bárust.

**Þelamerkurskóli**

1. bekkur alls 9 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.1% af meðalþyngd nemenda. 3 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

2. bekkur alls 4 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.8% af meðalþyngd nemenda.

3. bekkur alls 9 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.3% af meðalþyngd nemenda. 3 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

4. bekkur alls 8 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 5.4% af meðalþyngd nemenda. 1 nemandi var með skólatösku sem vóg yfir 10% af líkamsþyngd hans.

5. bekkur alls 8 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.3% af meðalþyngd nemenda. 1 nemandi var með skólatösku sem vóg yfir 10% af líkamsþyngd hans.

6. bekkur alls 2 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.7% af meðalþyngd nemenda.

7. bekkur alls 13 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 9.8% af meðalþyngd nemenda. 5 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

8. bekkur alls 10 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.9% af meðalþyngd nemenda. 3 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

9. bekkur alls 5 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.38% af meðalþyngd nemenda. 1 nemandi var með skólatösku sem vóg yfir 10% af líkamsþyngd hans.

10. bekkur alls 9 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.5% af meðalþyngd nemenda. 1 nemandi var með skólatösku sem vóg yfir 10% af líkamsþyngd hans.

**Ölduselsskóli**

7. bekkur alls 47 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.3% af meðalþyngd nemenda. 14 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra.

**Öldutúnsskóli**

6. bekkur alls 47 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 7.5% af meðalþyngd nemenda. 6 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af var 1 nemandi með skólatösku sem vóg yfir 15% af líkamsþyngd hans.

8. bekkur alls 43 nemendur. Meðalþyngd skólataskna var 8.7% af meðalþyngd nemenda. 15 nemendur voru með skólatöskur sem vógu yfir 10% af líkamsþyngd þeirra. Þar af voru 4 nemendur með skólatöskur sem vógu yfir 15% af líkamsþyngd þeirra.

Meðalaldur þeirra nemenda sem gögn bárust um var 11.3 ár. Meðalþyngd skólataskna þeirra var 3.9 kg og hlutfall meðalskólatösku af meðalþyngd nemendanna var 8.9%.




Gögn sem notuð voru á skólatöskudögum:

- 4000 stk. bókamerki en hluta þeirra var dreift á 3L Expó sýningu í Egilshöll.
- 4000 stk. einblöðungur ("Leiðbeiningar frá iðjuþjálfum varðandi líkamsstöðu og skólatöskur") sem prentað var beggja vegna á A4 en hluta þeirra var dreift á 3L Expó sýningu í Egilshöll.

- 100 stk. einblöðungar með leiðbeiningum fyrir iðjuþjálfa varðandi fræðslu í kennslustofum.
- 100 stk.veggspjöld til kynningar fyrir dagana í stærð A2.
- 1 stk. Veggspjald í stærð 100x150 og notað var á 3L Expó sýningunni.
- 4000 stk límmiðar með Skólatöskuálfinum.
- 100 stk. Barmnælur með Skólatöskuálfinum fyrir iðjuþjálfa til að bera.

Kostnaðurinn dreifðist þannig:
Penninn greiddi:
72210 (öll fyrri pöntunin af prentun)
+30502 (50% af seinni pöntuninni)
+13695 (50% af límmiðum)
------------------------------
Samt. 116.407 þúsund krónur

Iðjuþjálfafélag Íslands
30502 (50% af seinni pöntun)
+13695 (50% af límmiðum)
+12000 (barmmerki með Skólatöskuálfinum)
------------------------------------------------
Samt. 56.197 þúsund krónur

Þetta er fyrsta árið sem þessi viðburður er framkvæmdur á vegum félagsins á landsvísu. Undirbúningsnefnd varð vör við mikinn áhuga á skólatöskudögum innan skólakerfisins. Mikilvægt er að virkja sem flesta í félaginu því með slíkum viðburði verða iðjuþjálfar mjög sýnilegir í íslensku samfélagi Það er álit okkar í undirbúningsnefndinni að átak sem þetta á heima sem árlegur viðburður innan Iðjuþjálfafélags Íslands.